

Hvað er barnamenning?

Málþing á vegum Barnamenningar sjóðs

Í samstarfi við Menningarmiðstöðina Gerðuberg og
Samband íslenskra sveitarfélaga
haldið laugardaginn 5. mars 2005

**Örstutt samantekt frá málstofu 1 – Kvöð eða ávinningu?
Fyrirlesarar voru beðnir að svara til um hvort ávinningur væri af
skapandi starfi með börnum.**

Soffía Þorsteinsdóttir, leikskólastjóri – Reggio Emilia leikskólanum Sæborg.

Soffía reyndi meðal annars að svara spurningunni hvort ávinningur væri af myndsköpun. Hún sagði frá frábæru námi í Fósturskólanum sem hún naut góðs af. Árin 1998 – 2000 var unnið mikið þróunarstarf í leikskólanum Sæborg með þau markmið að finna leiðir til sköpunar bæði fyrir börn og starfsfólk og gera það hluta að daglegu starfi skólans ásamt því að vekja foreldra til umhugsunar. Starfsfólk skólans leitaði til Ítalíu til að viðá að sér hugmyndum og reynslu og kynntu sér hugmyndafræði Reggio Emilia. Í þeirri hugmyndafræði er gert ráð fyrir að börnin séu rannsakendur og því komið í tengsl við raunveruleikann. Lagt er upp með að “búa til” sjálfstætt skapandi einstaklinga. Fræðin segja að mynd-og handmennt hafi með vitsmuni að gera – en séu ekki bara afþreyingar-viðfangsefni.

Skapandi vinna örvar forvitni og sjón og bjargar barninu frá því að verða þröngsýnt! (Innskot ritara: verða börn þröngsýn?) Hlutverk kennara skiptir miklu máli í þessu þróunarstarfi. Hann þarf að skrifa niður ferlið, vera virkur og hjálpa barninu. Eftiröpun er litin hornauga. Hugmyndafræðin gerir ráð fyrir að unnið sé með umhverfið og að efniviðurinn skipti máli. Leitað er að góðum kveikjum. Í leikskólanum er listakrókur á öllum deildum ásamt sameiginlegri listasmíðju fyrir alla. Og unnið er með endurvinnanlegt efni.

Fram kom að betra er að vinna með aldursskipta hópa. Kennarar fylgja börnunum eftir frá 2ja ára til 6 ára. Það skiptir miklu máli að hafa kennara í listgreinum og að þeir setji upp þematengda vinnu og séu duglegir að skrá allt niður.

Sigrún sýndi listagóðar námskrár þar sem myndir komu í stað orða. Námskrárnar voru eins konar mynd-námskrármöppur. Skólustarfið leggur áherslu á skemmtikvöld, sýningar og að halda uppi virkri heimasíðu.

1. apríl 2005 verður sett upp sýning í Ráðhúsinu með listamanni og sýnd verður kvikmynd um ferlið á þróunarverkefninu í Sæborg. Einnig verður sett upp ópera.

Sigrún svaraði spurningunni á þann veg að skapandi vinna með börnum gerir þau forvitin, opin, rannsakandi, ánægðari og lífs glaðari!

Í dag stunda 62% nemenda á Húsavík tónlistarnám!!

Erla lagði áherslu á að lifandi tónlist og leikandi börn skili gleði og sköpun. Hún lýsti tónlistarskólanum á Húsavík. Árið 1992 byrjaði verkefnið *Hljóðferanám fyrir alla*. Árið 1997 reis sérhannað húsnaði fyrir grunnskólanám og tónlistarnám á Húsavík og nú eru 448 nemendur í tónlistarnámi í 2480 manna bæ! Erla sagði að geysileg þátttaka væri í lifandi tónlist. Hún sagði að samstarf við aðra væri afar mikilvægt og lýsti flæði samstarfsins í bænum. Einnig er lyklatríði að skólinn eigi hljóðfæri. Hljóðfæraeign má ekki vera þröskuldur í tónlistarnámi barna. Börn eru næmest fyrir tónlist frá 0-6 ára aldri.

Það er líka spennandi fyrir kennara að vera með skapandi skólastarf. Aðdraganda þessarar þróunar á Húsavík má rekja til þess að í upphafi var tónlistarskólinn í sama húsnaði og grunnskólinn.

Það er afar mikilvægt að vera með öfluga byrjendakennslu og að geta boðið heilum bekkjardeildum tónlistarnám.

Afrakstur tónlistarnámsins kemur meðal annars fram í fjölbreyttari kennsluháttum og námsgögnum. Verkefnin fyrir eldri nemendurna verða einnig fjölbreyttari. Listir í skólastarfi gefa endalausán ávinning og sviðslistin byggir á listum. Skólinn setur upp listahátíð og nemendur læra að vinna í hljóðveri og að taka upp. Hún sýndi athyglisverðar myndir af nemendum að taka þátt í viðburðum og að koma fram.

Erla svaraði spurningunni á þann veg að nemendur væru gladdir og frjálslægir og með mikið sjálfstraust og væru vanir að koma fram.

Karen María Jónsdóttir – Hollenska frahaldsskólastigið

Karen byrjaði á að svara spurningunni um hvort ávinningur væri af skapandi starfi með börnum og tilgreindi að listir hjálpi einstaklingum að mynda sér skoðanir einnig að skapandi starf með börnum bæti samfélagsgerðina og þroski hvern einstakling. Hún lýsti markmiðum stefnunnar um æsku og menningarstefnu og sagði frá *verkefninu CKV* í Hollandi. Áður var listastefnan brotakennd í Hollandi en svo urðu pólitískir stjórnendur sammála og samstarf komst á milli ráðuneyta, skóla og menningargeirans um menningarstefnu og úr varð *verkefnið CKV* og árið 2000 var það innleitt í alla framhaldsskóla í Hollandi. Það sem gerir það einstakt er að listafögin verða skyldufög í ÖLLUM framhaldsskólum! Kennslan verður þverfagleg en ekki sérfragleg. Kennararnir þurfa að setja sig inn í allar listgreinar og listgreinanám er metið til lokaprófs. Verkefnið skiptist í 3 svið; CKV-3 sem er sérkennsla þar sem nemendur velja sér listgrein, CKV-2 þar sem nemendur kynnast breiddinni í listum og læra söguna, og CKV-1 sem er kjarninn og nemendur vinna úti í samfélaginu og aðaláherslan er lögð á upplifunarpátt nemenda. Farið er jafnt á allar sýningar og skólastarfið gefur kost á nauðsynlegu rými til að fara á sýningar og gert er ráð fyrir kostnaði vegna þeirra. Nemendur eru

hvattir til að njóta lista og fá að kynnast öllum listformum og reynt er að dýpka upplifun þeirra sem mest. Matið felst meðal annars í því að nemendur skrifa í verk möppur og eru möppurnar metnar til einkunna.

Þær breytingar sem CKV leiddi meðal annars af sér var hugarfarsbreyting hjá kennurum og það þurfti að þjálfa þá aftur til að sjá ný samhengi og ekki síst að læra að vinna saman!

Í skólunum er listráðunautur innan hvers skóla sem brúar meðal annars bilið milli listastofnana.

Til að CKV-verkefnið gæti orðið að veruleika þurfti annars vegar menningarstefnu og hins vegar fjármagn. Og nú styrkir ríkið þær stofnanir sem koma til móts við börn.

Nú er Karen starfandi á Íslandi og er með verkefni þar sem verið er að koma á samstarfi milli dansara og nemenda. Hún lítur á sig sem brúarsmið.

Ávinningurinn er margþættu og má meðal annars mæla í hugarfarsbreytingu hjá kennurum til nemenda og lista.

Sólveig Helga Jónasdóttir, myndlistakennari – Er rými fyrir skapandi hugsun í nútímaskólastarfi?

Sólveig lagði sérstaka áherslu á að hún væri myndlistakennari og það skýrðist síðar í erindi hennar þegar hún lýsti því að nú starfaði hún sem sérkennari – einfaldlega vegna þess að hún getur ekki hugsað sér að vinna sem myndlistakennari eins og staðan er í dag! Hún vill flétta myndlist inn í allt nám nemenda og svarar eigin spurningu um hvort rými sé fyrir skapandi starf í skólum og segir að svo sé ekki. En listgreinakennsla gefur af sér mikinn ávinning og í stéttinni er hugsjónafólk sem vinnur gott starf sem er alls ekki metið að verðleikum. Breytingin er alltof hæg og listnám á við ramman reip að draga í hefðbundnu skólastarfi – allt strandar á peningum og of þröngur stakkur er skorinn fyrir listnám. Hún minntist á gott starf í Hlíðaskóla.

Hún setti fram þá staðreynd að í dag fær nemandi í 7. bekk sem svarar tæpan sólarhring í listgreinum í sínum grunnskóla!! Sólveig stjórnar einnig myndlistarskóla í Kópavogi til að gefa nemendum kost á meira listnámi.

Hún segir alltof mikla áherslu á bóknám í grunnskólanum og dregur áherslur grunnskólans sterklega í efa. Hún heldur því fram að ef listnámið fær að vera kjarninn í námi nemenda muni annað nám breytast til batnaðar. Og einstaklingsmiðað nám muni aldrei nást nema nemendur fái tækifæri til að stunda listnám. En foreldrar eru líka hræddir um að nemendur læri ekki nóg af ensku og öðru bóknámi.

Sólveig Helga óttast að áætlanir um styttingu á náminu í framhaldsskóla leiði til minna listnáms í grunnskólunum. Hún leggur til að stofnaðar verði listabrautir í efri bekkjum grunnskólans og að gert verði ráð fyrir heimanámi í listgreinum rétt eins og öðrum námsgreinum. Og auðvitað geti og eigi nemendur að vinna

hugmyndavinnu heima í listum sem þarf að þróa svo sem hugmynd til verks. Og leggja þarf mat á vinnu nemenda - meira en gert er. Hún segir að einnig vanti heimspekikennslu.

Hún sagði frá skóla í Bretlandi sem á 80 ára starfsafmæli og er einkaskóli. Og þar sá hún það sem hún hafði verið að leita að! Skólinn er eins og skólaþorp með leikhúsi, stúdíói, hljómleikasal og fleira og fleira. Skólinn hefur mjög gott orðspor á sér og nemendur fara árlega í hljómleikaferðir vítt og breitt. Nemendur læra til dæmis að vera sviðsstjórar og mikil virðing er borin fyrir nemendum. Þeir vinna sína vinnu í verkmöppur eða verkbækur.

Sólveig Helga sagði mikið á skorta að skapandi starf og listnám í skólum á Íslandi væri eins og það þarf að vera – nemendum og skólastarfi til vaxtar og heilla.

Niðurstaða erindanna leiddi til umræðna um að framtíðarskólinn fyrir grunnskólanemendur eigi að vera LISTASKÓLI!

Erindin voru öll afar innihaldsrík, skemmtileg og vel undirbúin og af þeirri ástæðu tók málstofustjóri þá ákvörðun að skerða ekki tíma fyrirlesaranna en stytta heldur umræðutímann. Raunin varð sú að umræðutíminn rann saman við næsta dagskrárlið og því segir hér ekki frá umræðum. Tíminn var í heild of knappur fyrir svo mörg efnisrík erindi. Það þarf annan fund til að gefa umræðunni það rými sem hún þarf og það er sannarlega þörf á umræðu-málstofu sem ályktar og sendir frá sér ályktun sem kemur af stað breiðari umræðu í samfélaginu um málefnið *Barnamenningu*. Börn eru hluti af menningunni og kveikja þarf á stjórnvöldum til að leggja áherslu á börn í menningarlegu samfélagi.

Það er óhætt að horfa til þess sem Hollendingar eru að gera. Og í framhaldi af því þarf að virkja pólitíkusana og setja upp áætlun til að smita þá. Svo er líka óhætt að spyrja hvernig skóla börnin vilja fá og koma skoðunum þeirra meira á framfæri.

Það er gömul og ný staðreynd að það þarf umræðuþætti í fjölmiðlum þar sem tekin eru viðtöl við börn. Má þar benda á kvikmyndagerðarmanninn Marteinn Sigurgeirsson sem hefur sérstaka hæfileika til að vinna með börnum. Skólasjónvarp er kannski svarið?

Það þarf að virkja hagkerfið og fá útreikninga frá viðskiptaheiminum um þá þjóðhagslegu hagkvæmni sem fellst í því að hugsa vel um börn og að styðja þau með skapandi skólastarfi.

Það þarf menningarfulltrúa inn í skólana sem eru sérhæfðir til að tengja, boða og nýta menninguna í samfélaginu skólastarfinu til góða.

Okkur vantar ekki hugmyndir – en okkur vantar tengslanet. Tengslanet sem vinnur saman og er sívirkt í því að vinna að listnámi og skapandi skólastarfi. Og til að vinna hugmyndum um meira listnám í skólum hjá fræðslufirvöldum má benda á að listir eru einstaklega vel til rannsókna fallnar.

Svo má minna á að það má vera gaman í skólanum! - Uppstokkun er næsta skref!

Guðrún Þórsdóttir
verkefnastjóri og
kennsluráðgjafi
18. mars 2005